

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 1995

20. desember 1995

1801

Nr. 695

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits
Kjósarsvæðis.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit gildir á svæði Heilbrigðis-
eftirlits Kjósarsvæðis, samkvæmt 14. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og
heilbrigðiseftirlit. Sveitarstjórnnum á svæðinu er heimilt, að höfðu samráði við svæðis-
nefnd, samkvæmt 5. og 22. gr. sömu laga, að leggja á og innheimta starfsleyfis- og
eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldri starfsemi, svo sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari
fram reglubundið eftirlit í samræmi við heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

2. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er sveitar-
stjórnnum heimilt að innheimta starfsleyfisgjöld sem hér segir:

1. flokkur	kr. 40.000	4. flokkur	kr. 10.000
2. flokkur	kr. 25.000	5. flokkur	kr. 5.000
3. flokkur	kr. 15.000	6. flokkur	kr. 2.500

Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða
breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálf starfsleyfisgjald eða
fella gjaldið niður ef breytingar eru smávægilegar að mati Heilbrigðiseftirlits Kjósar-
svæðis. Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka eða fella niður gjald fyrir leyfi til markaðs-
og götusölu.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17.
tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og starfsemi sem
talin er upp í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum,
sbr. 3 mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er sveitarstjórnnum
heimilt að innheimta árlegt gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr. 80.000	4. flokkur	kr. 20.000
2. flokkur	kr. 50.000	5. flokkur	kr. 10.000
3. flokkur	kr. 30.000	6. flokkur	kr. 5.000

Gjald skv. 6. flokki er eingöngu vegna hefðbundins landbúnaðar.

Sé starfsemi mjög takmörkuð eða hún rekin skemur en 6 mánuði á ári er heilbrigðis-
nefnd heimilt að fella niður hluta gjaldsins. Ef starfsemi hefur samning við faggilta
skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða innra eftirlit sem heilbrigðisnefnd telur ganga
lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður hluta gjaldsins.

Sé eftirlit jafnframt í höndum annarra löggilta eftirlitsaðila, s.s. héraðsdýralækna
eða fiskistofu, skal sérstaklega samið um framkvæmdina. Aldrei skal þó tekið lægra gjald
en sem nemur lágmarksgjaldi.

Komi til frekara eftirlits en samkomulagið kveður á um, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta sérstaklega vegna kostnaðar sem af því hlýst.

4. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis annast flokkun eftirlitsskyldra aðila, sbr. fylgiskjal með gjaldskrá þessari og sbr. flokkun í viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð vegna mengunareftirlits samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988.

Við flokkun fyrirtækja skal mið tekið af umfangi og eðli starfseinnar og þeirra áhrifa sem hún getur haft á hollustuhætti fólks. Ennfremur skal tekið tillit til þeirrar vinnu og kostnaðar sem heilbrigðiseftirlitið hefur af útgáfu starfsleyfis og eftirliti. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis semur skrá yfir eftirlitsskylda aðila á starfssvæðinu. Nöfn aðila ásamt flokkun þeirra samkvæmt ofangreindu skulu send hlutaðeigandi sveitarfélögum til skoðunar fyrir 1. janúar ár hvert.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 skal greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins eins og hún er hverju sinni.

5. gr.

Fyrir hvert umbedið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal innheimta kr. 5.000. Ef verkefni er umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, það sama gildir um þjónustuverkefni og útselda vinnu.

6. gr.

Hvert sveitarfélag innheimtir gjöld samkvæmt 3. gr. af fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Mosfellsbær annast fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis innheimtu allra annarra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld þessi skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis í samræmi við 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Sé um að ræða fjölþætta starfsemi sama aðila skal einungis innheimt eitt gjald, það hæsta í viðkomandi tilviki, enda fari starfsemin fram á sömu starfsstöð eða lögbýli. Aðilar sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald en annars hálf gjald, fyrsta starfsárið.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af svæðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 14. mgr. 6. gr., og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 141/1988 fyrir heilbrigðiseftirlit á Kjósarsvæði.

Umhverfissráðuneytið, 20. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.**Heilbrigðis- og umhverfiseftirlit.***A. Matvælaframleiðsla*

Meiri háttar matvælaframleiðsla	1. fl.
Miðlungs matvælaframleiðsla	2. fl.
Minni háttar matvælaframleiðsla	3. fl.
Sláturhús	4. fl.
Reykhus	4. fl.
Meiri háttar kjötvinnsla	1. fl.
Miðlungs kjötvinnsla	2. fl.
Minniháttar kjötvinnsla	3. fl.
Fiskvinnsla fyrir innanlandsmarkað	3. fl.
Fiskvinnsla við ár og vötn	3. fl.
Fiskpurrkun	4. fl.
Niðursuða - niðurlagning	3. fl.
Stóreldhús	2. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta	3. fl.
Salatgerð	4. fl.
Ísgerð - ísvagnar	2. fl.
Brauðgerðarhús, stór	1. fl.
Brauðgerðarhús, lítil	3. fl.
Kökugerðir	4. fl.
Smurbrauðstofur	4. fl.
Pizzugerðir	4. fl.
Sælgætisgerð	3. fl.
Ól-, gos- og svaldrykkjagerð	3. fl.
Kaffibrennsla	4. fl.
Smjörflíkisgerðir	2. fl.
Kartöfluvinnsla	4. fl.
Lauksteiking	4. fl.
Mör- og tólgframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	5. fl.
Grænmetisframleiðsla, vinnsla, pökkun og geymsla	4. fl.

B. Þjónusta

Sólbaðsstofur	5. fl.
Hárgreiðslu- og rakarastofur	5. fl.
Snyrtistofur	5. fl.
Sundlaugar, stórar	3. fl.
Sundlaugar, litlar	4. fl.
Leiktækjasalir	5. fl.
Gufubaðsstofur	3. fl.
Læknastofur	5. fl.
Tannlæknastofur	5. fl.
Félagsheimili, með eldhúsi	3. fl.
Félagsheimili, án eldhúss	4. fl.
Heilsuræktarstöðvar	4. fl.
Heilsugæslustöðvar	4. fl.
Sjúkrahús	2. fl.
Dvalarheimili aldraðra	3. fl.
Barnaheimili/dagvistarstofnanir/leikvellir	5. fl.
Kvikmyndahús	4. fl.
Leikhús	5. fl.
Íþróttahús	4. fl.
Íþróttavellir	5. fl.
Kirkjur	5. fl.
Safnaðarheimili	5. fl.
Vistheimili	3. fl.
Meðferðarheimili	3. fl.

C. Verslun

Stórmarkaðir, með vinnslu	1. fl.
Stórmarkaðir, án vinnslu	3. fl.
Stærri verslanir, með vinnslu	3. fl.
Minni verslanir (Nýlenduvörverslanir) án vinnslu	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir (samlokur og/eða ís úr vél)	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir (sælgæti, gos og pylsur)	5. fl.
Áfengisverslanir	5. fl.
Matsöluvagnar	4. fl.
Torgsala	5. fl.
Ísbúðir og ísvagnar	4. fl.
Brauð- og kökusala	4. fl.
Neysluvörugeymslur	5. fl.
Málningarverslanir	5. fl.
Blómaverslanir	5. fl.
Apótek	5. fl.

D. Veitinga-, skemmti- og gistipjónusta (ferðapjónusta)

Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma	
Færri en 11 rúm	5. fl.
10 - 25 rúm	4. fl.
26 - 40 rúm	3. fl.
41 - 100 rúm	2. fl.
Fleiri en 101 rúm	1. fl.
Veitingasala, miðast við gestafjölda	
Færri en 11 gestir	5. fl.
11 - 25 gestir	4. fl.
26 - 40 gestir	3. fl.
41 - 100 gestir	2. fl.
Fleiri en 100 gestir	1. fl.
Ef um vínveitingar er að ræða má færa upp um einn flokk.	
Tjaldsvæði	5. fl.

E. Vinnsla úr járn og málmum

Málmsteypur	4. fl.
Járn-, stálmíði og stálskipagerð	4. fl.
Völsunar-, víra og stangaverksmiðjur	5. fl.
Nagla- og skrúfuframleiðsla	5. fl.
Vélaframleiðsla og vélasala	5. fl.
Blikksmiðjur	5. fl.
Vinnsla á málmum í raftækjainnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	4. fl.
Zink- og krómhúðun málma	3. fl.
Rafterðing málma	4. fl.
Sandblástur	4. fl.

F. Jarð- og steinefnavinnsla

Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúði og fyllingarefni, mikil starfsemi	3. fl.
Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúði og fyllingarefni, lítil starfsemi	5. fl.
Malarnám	5. fl.
Steinsmíði	3. fl.
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	5. fl.
Leirmunaverkstæði	5. fl.
Jarðvegsgerð	5. fl.
Mó- og moldartekja	5. fl.

<i>G. Efnaiðnaður</i>	
Fyrirtæki sem geyma klórgas	4. fl.
Lakksprautun	4. fl.
Prentiðnaðarfyrirtæki	4. fl.
Efnalaugar	4. fl.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla	4. fl.
Franköllun á ljósmyndum og kvikmyndum ...	4. fl.
Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda ...	4. fl.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað	4. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4. fl.
Plastiðnaður	3. fl.
Gleriðnaður	4. fl.
<i>H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu</i>	
Fóðurstöðvar	5. fl.
Fóðurbliðndur	5. fl.
Gúmmívinnsla	4. fl.
Trésmíðaverkstæði	4. fl.
Sögunarmyllur	5. fl.
Fúavör úr timbri	4. fl.
Framleiðsla úr spónaplötum, límré og þess háttar	5. fl.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	5. fl.
Skinnaverkun og leðurvinnsla	5. fl.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	4. fl.
Litun og bleiking	3. fl.
Ullarpvottastöðvar	1. fl.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi ...	1. fl.
<i>I. Búffjár- og dýrahald</i>	
Dýraspítalar	5. fl.
Gæludýrageymslur	5. fl.
Fiskeldi, framleiðsla meiri en 100 tonn og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn	4. fl.
Seiðaðlisstöðvar með meiri en 150 þúsund seiði og afrennsli í ferskvatn	3. fl.
Fisk- og seiðaeldi með minni framleiðslu an að ofan greinir	4. fl.
Alifuglabú, eggja- og kjötframleiðsla, stór ...	3. fl.
Alifuglabú, eggja- og kjötframleiðsla, lítil	5. fl.
Hesthús, mikil starfsemi	3. fl.
Hesthús, miðlungs starfsemi	4. fl.
Hesthús, lítil starfsemi	5. fl.
Kaninubú	5. fl.
Loóðýrabú	5. fl.
Nautgripabú, mjólkur- og kjötframleiðsla	6. fl.
Sauðfjárbú	6. fl.
Svínabú, stór	3. fl.
Svínabú, lítil	5. fl.
<i>J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki</i>	
Bifreiða- og vélaverkstæði	5. fl.
Smurstöðvar	4. fl.
Bensinstöðvar	3. fl.
Bílaþvottastöðvar	5. fl.
Ryðvarnarverkstæði	5. fl.
Hjólbarðaverkstæði	5. fl.
Verktakar með þungavinnuvélar og verkstæðis- aðstöðu	4. fl.
Bílasölur	5. fl.
Bílapartasölur	3. fl.
Kappaksturs-, æfinga- og keppnisbrautir öku- tækja	5. fl.
Flugvellir og flugbrautir	5. fl.
Hópférðabílar	5. fl.
Flugvellir og flugbrautir	5. fl.
Bið- og endastöðvar strætisvagna	5. fl.
<i>K. Ýmislegt</i>	
Gámastöðvar	5. fl.
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilli- efni og sérstakan úrgang	4. fl.
Endurvinnsla úrgangs	4. fl.
Hreinsistöðvar/stórar rotþrær fráveitna	5. fl.
Dælubílar og starfsemi tengd þeim	5. fl.
Birgðastöðvar rafveitna	5. fl.
Gasbirgðastöðvar	5. fl.
Stærri spennistöðvar	5. fl.
Stærri vörugymslur	5. fl.
Skotvellir	4. fl.
Skemmtigarðar, tívolí	5. fl.
Þvottahús	5. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	4. fl.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Strandveg úr norðri gagnvart umferð á Strandvegi og Borgarvegi á mótum Borgarvegar og Strandvegar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. desember 1995.

Böðvar Bragason.